

Eskja
Karl Már Einarsson
Strandgata 35
735 ESKIFJÖRÐUR

2002070007
7300; 9310

Reykjavík, 22.. júní 2004
/--

Efni: Þorskeldi allt að 1.400 tonn á ári í sjókvíum í Eskifirði og Reyðarfirði, Fjarðabyggð. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Hönnunar fyrir hönd Eskju hf. dags. 14. maí 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt þorskeldi í sjókvíum allt að 1400 tonn á ári í Eskifirði og Reyðarfirði, Fjarðabyggð. samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 1 g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fjarðabyggðar, dýralæknis fisksjúkdóma, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fjarðabyggð með bréfi dags. 2. júní 2004, dýralækni fisksjúkdóma með bréfi dags. 27. maí 2004, Fiskistofu með bréfi dags. 27. maí 2004, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 4. júní 2004, Siglingastofnun með tölvupósti dags. 22. júní 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. maí 2004.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 8. júní 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Eskja hf. hafi stundað tilraunir með áframeldi á þorski í sunnanverðum Eskifirði í fimm kvíum út af Baulhúsavík og hafi leyfi fyrir allt að 200 tonna ársframleiðslu á þeim stað. Nú sé ráðgert að hefja eldi í sjókvíum á allt að 1400 tonnum af þorski á ári. Um sé að ræða 2 svæði út með norðurströnd Eskifjarðar um 70-450 m frá landi við mynni fjarðarins, þar sem hann er um 1.300 m breiður og sjávardýpi á bilinu 20-60 m. Fram kemur að áform séu uppi um laxeldi í Reyðarfirði með 6.000 tonna ársframleiðslu á vegum Samherja og liggi fyrir úrskurður Skipulagsstofnunar þar sem fallist sé á þá framkvæmd. Staðsetning fyrirhugaðs laxeldis sé í rúmlega tveggja km fjarlægð frá

fyrirhuguðu þorskeldi Eskju hf og sé það mat framkvæmdaraðila að þessi tvö áform geti vel farið saman, enda um tvær óskildar eldistegundir að ræða. Fram kemur að gerðar hafi verið rannsóknir á vegum norska ráðgjafafyrirtækisins Akvaplan Niva m.a. mælingar á seti, tekin botnsýni og botnlægar lífverur greindar. Ennfremur hafi verið gerðar straummælingar og mælingar á eðliseiginleikum sjávar, m.a. hita, seltu og súrefni, auk nákvæmra mælinga botndýpis á fyrirhuguðu eldissvæði. Niðurstöður þessara rannsókna bendi til að umhverfisaðstæður og ástand sjávar séu ákjósanlegar fyrir kvíaeldi en við mynni Eskifjarðar séu tveir þröskuldar og innan þeirra tvær dældir sem geti safnað í sig seti. Til að forðast að dældirnar safni upp seti er í skýrslu Akvaplan Niva lögð til staðsetning eldiskvía utan þessara svæða á dýpi sem er ekki meira en 50-60 m.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að notaðar verði hringlaga kvíar, af svipaðri gerð og nú eru notaðar í Mjóafirði, sem geti þolað a.m.k. 11 m ölduhæð og verði þær festar með taugum við hafsbotn og myndi tvær aðskyldar kvíapýrpingar með um 800 m á milli. Ein kvíapýrping verði á hvoru svæði og sé fyrirhugað að ala einungis einn árgang í einu á hvoru svæði. Í lok eldislotu verði hvort svæði hvílt í a.m.k. 8 mánuði áður en ný seiði verði sett út og því verði aðeins önnur þýrpingin í fullri framleiðslu á meðan hin verði hvíld eða með lága framleiðni. Um er að ræða kvíar um 90 m að ummáli og 30 m að þvermáli, alls um 700 m² að stærð og áætlað að dýpt nota verði um 10-12 m. Með tilliti til ofangreinds megi gera ráð fyrir að hægt verði að hafa allt að 230 tonn í einni kví en hámark lífmassa á rúmmeter (m³) í eldi sé talið vera um 30 kg. Miðað við að slátrað verði 1.400 tonnum á ári verði líklega um 8 slíkar kvíar settar upp, 4 í hvorri kvíapýrpingu. Fram kemur að nokkur sjónræn áhrif verði af eldiskvíum þar sem þær sjáist vel frá landi og breyti ásýnd svæðisins en staðsetning kvíanna muni ekki hindra eðlilega siglingaleið stærri skipa til Eskifjarðar.

Fram kemur að eingöngu verði notað þurrfóður og þurfi um 1,1 kg fódurs á móti 1 kg í vaxtarauka. Miðað við þær forsendur þurfi að hámarki um 1.220 tonn af þurrfóðri til eldisins í heild á ári hverju. Fram kemur að slátrun muni fara fram í núverandi fiskvinnsluhúsnæði Eskju hf sem sé staðsett við norðanverðan Eskifjörð og að á rekstrartíma, þegar eldið verði komið í fulla afkastagetu, megi gera ráð fyrir allt að 6-10 ársverkum við eldi og um 25-30 ársverkum við vinnslu og pökkun. Sjálfdauðum fiski, úrgangi frá slátrun, slógi og öðrum úrgangi verði komið til Sorpsamlags Austurlands. Ekki sé gert ráð fyrir frekari losun úrgangsefna á landi eða í loft. Frá eldinu verði um að ræða losun á lífrænum úrgangi í formi saurs og þvagefna frá eldisfiski, dauðs eldisfisks og fódurleifa sem valdið geti staðbundinni mengun undir eldiskvíum en gera megi ráð fyrir að frá 1.400 tonna árseldi af þorski falli 2,4 g/s af köfnunarefni, 0,35 g/s af fosfór og 0,578 g/s af svifögnum út í umhverfið. Fram kemur að kvíum verði komið fyrir á um 30-50 metra dýpi og sé talið að straumará því dýpi muni tryggja góða dreifingu úrgangs og lágmarka uppsöfnun hans undir kvíunum. Auk þess verði eldiskvíarnar færanlegar og staðsettar á tveimur svæðum til að mögulegt verði að hvíla svæði. Fram kemur að stefnt sé að því að allur fiskur verði bólusettur áður en honum verði komið fyrir í eldiskvíunum og þannig reynt að koma í veg fyrir lyfjanotkun. Fram kemur að áætluð áform um þorskeldi muni hafa lítil áhrif á veiðar annarra sjávarlífvera í Eskifirði og að ekki séu taldar líkur á því að fyrirhugað eldi valdi skaða á villtum nytjastofnum í sjó.

Fram kemur að eftir að eldið hefst muni Eskja hf. fá sérfræðinga til að fylgjast með eldissvæðinu, m.a. sé fyrirhugað að skoða svæðið á þeim tíma sem verið sé að fódra sem mest, þ.e. við lok fyrstu framleiðslulotu. Þá sé kjörið að endurmeta svæðið með tilliti til þolni

gagnvart eldi, þ.e. hvort úrgangur frá eldinu hafi valdið mælanlegum, neikvæðum áhrifum á setlög og botndýralíf undir kvíunum. Þessar athugana myndu gefa til kynna hvort framleiðsla á svæðinu væri í jafnvægi við burðargetu þess og í framhaldi væri hægt að þróa umhverfisstjórnunarkerfi til að fylgjast með eldinu. Fram kemur að framkvæmdaraðili telji að fyrirhugað þorskeldi skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögnum sveitarstjórnar Fjarðabyggðar, dýralæknis fisksjúkdóma, Hafrannsóknastofnunarinnar, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Fiskistofu er ekki tekin afstaða til matsskyldu framkvæmdarinnar.

Sammögnuð áhrif

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að fjarlægð frá fyrirhuguðu laxeldi Samherja í Reyðarfirði sé ásættanleg með tilliti til mengunar, sjúkdóma og sníkjudýra. Minni hætta sé á að smit berist frá þorskeldi í laxeldi en öfugt þar sem ríkjandi straumstefna í Reyðarfirði sé inn fjörðinn að norðanverðu. Með tilliti til staðsetningar, umfangs fyrirhugaðs eldis og fyrirleggjandi gagna verði að teljast litlar líkur á alvarlegum áhrifum á umhverfið.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin sakni þess að engin umfjöllun sé um fyrirhugað álver í Reyðarfirði og hugsanleg áhrif af þess völdum. Fram kemur að í mati á umhverfisáhrifum laxeldis í Reyðarfirði hafi komið fram að þolmark fjarðarins, hvað lífræna mengun frá fiskeldi varði, væri líklega ársframleiðsla rétt yfir 7.000 tonn. Miðað við núverandi framleiðslu sé langt í að þeim mörkum verði náð. Ef laxeldi Samherja verði 6.000 tonn, eins og gert hafi verið ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar og fiskeldi Eskju hf verði 1.400 tonn á ári megi gera ráð fyrir að þessum mörkum verði náð, auk þess sem að búast megi við töluverðri fjölgun íbúa á svæðinu. Eskifjörður sé þröskuldsfjörður og í honum séu tvær lögðir þar sem hætta sé á að mengun frá fyrirhuguðu þorskeldi geti safnast fyrir. Umhverfisstofnun telur því að vöktun þurfi að taka sérstaklega tillit til þessa.

Í umsögn dýralæknis fisksjúkdóma kemur fram að ekki sé um að ræða sjókvíaelði í Eskifirði í dag. Í Reyðarfirði hafi Samherji leyfi til að hefja laxeldi með allt að 6.000 tonna ársframleiðslu. Við núverandi aðstæður sé hins vegar ekkert sem bendi til þess að fyrirtækið hefji eldi í Reyðarfirði og að allt útlit sé fyrir að Mjóifjörður verði látinn duga a.m.k. næstu árin. Fram kemur að einungis lítill hluti þekktra smitsjúkdóma í fiskum séu sameiginlegir fyrir ferskvatns- og sjávartegundir en þennan möguleika þurfi þó að hafa í huga þegar skipuleggja skuli stærra svæði til eldis mismunandi tegunda vegna mögulegra sammögnunaráhrifa.

Áhrif mengunar frá lífrænum úrgangi á burðarþol og lífríki

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að niðurstöður rannsókna og mælinga bendi til að fyrirhuguð staðsetning sjókvía sé hagstæð með tilliti til strauma, dýpis og skjóls fyrir úthafsöldunni og því ættu að vera litlar líkur á að kvíar skaðist í vondum veðrum. E

skifjörður sé lítill fjörður sem opnast allvel út í Reyðarfjörð, þrátt fyrir lítils háttar þröskuld í mynni fjarðarins en sjóskipti verði í Reyðarfirði á 4-5 vikna fresti. Ríkjandi straumar muni bera úrgangsefni úr eldinu inn fjörðinn og því sé nokkur hætt á að lífrænar leifar, einkum saur og fódurleifar setjist til í dýpinu innan við þröskuldinn. Mælingar Akvaplan Niva bendi til að sjórinn í dýpinu utan við Mjóeyri sé súrefnisríkur niður að botni, einnig að ekki séu merki um lífræna mengun í botnseti þrátt fyrir að töluverður lífrænn úrgangur komi frá íbúðarbyggð og fiskvinnslu á Eskifirði. Á mælingartímanum hafi mældur straumur verið það mikill að endurnýjun vatnsmassans geti átt sér stað og þannig verði komið í veg fyrir uppsöfnun á uppleystum næringarefnum, svo sem ammóníaki og nítríti. Einnig sé líklegt að ekki muni koma fram súrefnisþurrð í vatnsmassanum. Hins vegar séu miklar líkur á að lífrænar leifar, einkum fódurleifar, muni safnast fyrir undir kvíunum og hafa áhrif á botndýralíf, jafnvel eyða því á afmörkuðu svæði. Því sé skynsamlegt, eins og gert er ráð fyrir í eldisáætlun að ala aðeins einn árgangur í einu á hvoru svæði fyrir sig og hvíla svæðin í 8 mánuði áður en ný seiði verði sett út. Einnig sé skynsamlegt, eins og framkvæmdaraðili geri ráð fyrir, að staðsetja kvíarnar ekki yfir mesta dýpinu þar sem mesta hættan sé á setsöfnun. Þá taki stofnunin undir þá fyrirætlun að umhverfisaðstæður undir kvíum verði vaktadar til að unnt verði að grípa inn í með viðeigandi hætti ef uppsöfnun lífrænna leifa verði of mikil. Fram kemur að umhverfismælingarnar hafi farið fram í júní 2003 á þeim tíma ársins sem vindar séu hvað minnstir og megi gera ráð fyrir að straumar verði mun meiri á öðrum árstímum þegar vindur og alda hafi meiri áhrif. Ekki séu líkur til þess að fyrirhugað eldi hafi í för með sér óafturkræfar breytingar á umhverfi Eskifjarðar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að líklega megi flokka Reyðarfjörð og Eskifjörð sem síður viðkvæman viðtaka eins og kemur fram í framlögðum gögnum. Stofnunin telur ekki hættu á að ofauðgun verði ef af fyrirhuguðu fiskeldi verði miðað við aðstæður í dag og að ekki séu miklar líkur á afgerandi áhrifum á lífríki Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. Umhverfisstofnun telur að þar sem um sé að ræða starfsleyfisskylda framkvæmd megi haga vöktun á rekstri sjókvíaeldisins á þann hátt að ef í ljós komi að fyrirhugað fiskeldi valdi meiri áhrifum á umhverfið en gert sé ráð fyrir megi koma í vega fyrir varanlegan skaða. Stofnunin telur að verði hætt við fiskeldi síðar meir séu framkvæmdirnar þess eðlis að þær séu að mestu afturkræfar.

Áhrif eldis í sjókvíum á erfðablöndun, sjúkdóma og nytjastofna

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að varðandi áhrif hugsanlegrar erfðablöndunar á eldisfiski við villta stofna þá verði þau að teljast fremur lítil með hliðsjón af eftirfarandi atriðum:

- Lífmassi í eldi sé lítill miðað við íslenska þorskstofninn.
- Til að byrja með verði villtur þorskur eða seiði notuð í áframeldi (sama genamengi) en í framtíðinni verði þó kynbættur hraðvaxta eldisstofn notaður.
- Reynt verði að koma í veg fyrir ótímabæran kynþroska í kvíum, m.a. með kynbótum og ljósastýringu.
- Vandaður eldisbúnaður verði notaður til að minnka líkur á að fiskur sleppi.
- Þó að kynbættur, hraðvaxta eldisþorskur sleppi úr kvíum í einhverjum mæli og nái að blandast genamengi villta stofnsins sé ólíklegt að það komi til með að skaða íslenska þorskstofninn.

Í umsögn dýralæknis fisksjúkdóma kemur fram að einungis örfá ytri og innri snikjudýr í þorski af 107 þekktum tegundum geti valdið skaða í áframeldi í sjókvíum. Þar beri helst að geta fiskilúsar en henni verði best haldið í skefjum með hóflegum þéttleika og umfangi á hverjum stað. Sem mótvægisáðgerð hyggist framkvæmdaraðili staðsetja sjókvíar í tveimur aðskildum þyrpingum og fá hvor kvíaþyrping a.m.k. 8 mánaða hvíld á milli eldislota. Þetta eldisform sé afar jákvætt með tilliti til heilbrigðis almennt og hafi gefið góða raun. Að mati dýralæknis geti fyrirhugað sjókvíaeldi á þorski á vegum Eskju hf. á engan hátt haft neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang þeirra villtu fiskistofna sem fyrir séu í vistkerfi Austfjarða.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þar sem eingöngu verði um að ræða áframeldi á villtum þorskstofnum (seiðum eða undirmálsfiski) telji stofnunin ekki ástæðu til að ætla að áhrif á villta þorskstofna geti verið neikvæð hvað erfðamengun varði. Fram kemur að þar sem þéttleiki í sjókvíum sé mikill sé alltaf viss hætta á því að sjúkdómar geti breiðst hratt út í sjálfru fiskeldinu og hugsanlega einnig haft áhrif á villta stofna. Stofnunin bendir á að ekki sé hægt að meta, með hliðsjón af meðfylgjandi gögnum, hvort einhver hætta sé á að sjúkdómar geti borist frá eldinu í náttúrulega fiskistofna. Ekki komi fram um hvaða sjúkdóma gæti verið að ræða né hvar fiskur haldi sig aðallega í firðinum eða hvar uppeldis-og/eða hrygningarstöðvar sé að finna. Með sjókvíaeldi sé alltaf tekin viss áhætta hvað þetta varði. Að mati Umhverfisstofnunar verði því að fylgjast með lífríki fjarðanna, Reyðarfjarðar og Eskifjarðar, til að athuga hvort fiskeldi í þeim hafi áhrif á náttúrulega stofna, en Reyðarfjörður sé m.a. uppeldistöð fyrir þorsk.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða eldi á allt að 1.400 tonnum á ári af þorski í sjókvíum í Eskifirði og Reyðarfirði í Fjarðabyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1 g í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögnum hefur komið fram að með hliðsjón af eldisfyrirkomulagi og í ljósi aðstæðna, dreifingu mengunar og staðsetningar kvíanna í Eskifirði og Reyðarfirði ásamt því að enn sem komið er sé ekki eldi í fjörðunum, verði að teljast ólíklegt að fyrirhugað þorskeldi hafi skaðleg áhrif á umhverfi eða lífríki fjarðanna nema á botndýralíf á afmörkuðu svæði. Ennfremur er bent á að um sé að ræða áframeldi á villtum þorskstofni og nánast engin hætta sé á óæskilegri erfðablöndun þó þorskur sleppi úr kvíum. Dýralæknir fisksjúkdóma bendir á að einungis lítill hluti þekktra smitsjúkdóma í fiskum sé sameiginlegur fyrir ferskvants- og sjávartegundir en smitsjúkdóma þurfi að hafa í huga þegar skipuleggja á stærri svæði til eldis mismunandi tegunda vegna mögulegra sammögnunaráhrifa. Umhverfisstofnun telur að með sjókvíaeldi sé alltaf viss hætta á að sjúkdómar geti breiðst hratt út í sjálfru fiskeldinu og hugsanlega einnig haft áhrif á villta stofna.

Við málsmeðferð Skipulagsstofnunar hafa verið gerðar kröfur um upplýsingar sem framkvæmdaraðili hefur brugðist við. Lagðar hafa verið fram niðurstöður straummælinga, mælinga á sjávarhita, seltu og súrefni auk greiningar botndýralífs og setgerðar og fjallað um fjarlægð milli kvía, hvíld svæða og vöktunaráætlun. Skipulagsstofnun telur að niðurstöður straummælinga og skoðun botnsýna styðji álit Hafrannsóknarstofnunarinnar og Umhverfisstofnunar um að lífríki Eskifjarðar og Reyðarfjarðar virðist lítil hætta stafa af

fyrirhuguðu þorskeldi sé horft til viðmiða 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, s.s. stærðar (tl. 1 i), sammögnunaráhrifa (tl. 1 ii), úrgangsmýndunar (tl. 1 iv), dreifingu mengunar (tl. 1 v) og álagspóls (tl. 2. iv b). Stofnunin telur að líkur séu á staðbundinni mengun í botnsseti undir kvíunum af völdum lífrænna leifa en að áhrifin verði ekki veruleg m.a. þar sem hvíla á svæðin milli eldislota. Skipulagsstofnunin bendir á mikilvægi þess, eins og fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar, að sett verði skilyrði um rannsóknir, langtímavöktun og viðbragðsáætlanir í leyfi til fiskeldis. Skipulagsstofnun telur að vegna óvissu er varðar sjúkdómstengda þætti verði að taka þá alvarlega þegar verið sé að skipuleggja stór svæði til eldis mismunandi tegunda en telur að fjarlægð frá fyrirhuguðu laxeldi Samherja í Reyðarfirði sé ásættanleg með tilliti til mengunar, sjúkdóma og sníkjudýra.

Skipulagsstofnun telur að ekki sé líklegt að fyrirhugað þorskeldi skerði möguleika til fiskveiða í Eskifirði.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að allt að 1.400 tonna eldi á ári af þorski í sjókvíum í Eskifirði og Reyðarfirði í Fjarðabyggð, sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að verði kvíarnar eða önnur mannvirki tengd framkvæmdinni innan netlaga þarf að afla framkvæmdaleyfis Fjarðabyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Fyrirhugað þorskeldi er að öðru leyti háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og rekstrarleyfi Fiskistofu samkvæmt lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 26.júlí 2004.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Fjarðabyggð, dýralæknir fisksjúkdóma, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnunin, Siglingastofnun, Umhverfisstofnun og Hönnun, Ari Benediktsson.